



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að stofna til viðræðna við Rótina (félag um konur, áföll og vímuegjafa) um rekstur Konukots. Kostnaðarauka vegna rekstursins verði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2021.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 20. maí 2020 var lögð fram eftirfarandi tillaga sviðsstjóra um rekstur Konukots, neyðarskýlis fyrir konur.

Lagt er til að velferðarsviði verði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur Konukots neyðarskýlis fyrir konur. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er 70.200.000 mkr. og rúmast innan fjárheimilda.

Tillagan var samþykkt.

Í júnímánuði 2020 auglýsti velferðarsvið Reykjavíkurborgar eftir áhugasömum aðilum til að reka neyðarskýli fyrir konur.

Lausnin (fjölskyldu- og áfallamiðstöð) og **Rótin** (félag um konur, áföll og vímuegjafa) skiluðu inn gögnum og upplýsingum. Fundað var með aðilum í lok júlímánaðar þar sem m.a. var farið yfir innsendar upplýsingar og þau atriði sem fram komu í auglýsingu eftir velferðarsviðs.

Á grundvelli gagna og upplýsinga er lagt til að velferðarsviði verið falið að stofna til viðræðna við Rótina um rekstur Konukots. Að mati velferðarsviðs lögðu báðir aðilar fram upplýsingar sem bera vott um faglega starfsemi félaganna og tillögur um faglega nálgun að starfi Konukots. Hvorugt félaganna hefur reynslu af rekstri neyðarskýla en að mati velferðarsviðs er sú sérþekking sem Rótin hefur af áfallamiðaðri nálgun í

stuðningi við konur sem glíma m.a. við vímuefnaneyslu talin vega þyngra en reynsla Lausnarinnar. Rótin hefur jafnframt verið leiðandi í umræðu um áhrif kyns á fíkniefnaneyslu kvenna.

Lausnin leggur fram rekstraraáætlun að upphæð kr. 106.276.520.

Rótin leggur fram tillögu að rekstraráætlun að upphæð kr. 93.560.000, með fyrirvara um mögulega samninga við sjálfboðaliða.

Fylgiskjal:

1. Samantekt um Lausnina og Rótina